



*Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og bjóða til erfidrykkju í húsi KFUM & KFUK að Holtavegi 28 að lokinni athöfn.*

Prestur: Sr. Guðni Már Harðarson  
Orgelleikur og stjórnun  
Dómkórsins: Matthías Harðarson  
Óbóleikur: Össur Ingi Jónsson  
Kórsöngur: Félagar úr Dómkórnum og Karlakór KFUM  
Stjórnun karlakórs KFUM: Ásta Haraldsdóttir  
Umsjón útfarar: Frimann og Hálfán - Útfararþjónusta

Pixel prentþjónusta

## Guðmundur Ingi Leifsson

Fæddur 23. desember 1946  
Dáinn 1. mars 2026

Útför frá Hallgrímskirkju  
föstudaginn 20. mars 2026

Kirkjugestir eru hvattir til að taka  
vel undir almennan söng.

## FORSPIL

Ich hatte viel Bekümmernis, BWV 21

J. S. Bach

## BÆN

Dag í senn, eitt andartak í einu  
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.

Mun ég þurfa þá að kviða neinu  
þegar Guð minn fyrir öllu sér?

Hann sem miðlar mér af gæsku sinni  
minna daga skammti' af sæld og þraut  
sér til þess að færa leið ég finni  
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann sem er mér allar stundir nærri  
á við hverjum vanda svar og ráð,  
máttur hans er allri hugsun hærri,  
heilög elska, viska, föðurnáð.

Morgundagsins þörf ég þekki eigi,  
það er nóg að Drottinn segir mér:  
Náðin mín skal nægja hverjum degi,  
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum  
frið og styrk sem ekkert buga má.  
Auk mér trú og haltu huga mínum  
helgum lífsins vegi þínum á  
svo að ég af hjartabeli hreinu  
hvað sem mætir geti átt með þér  
daginn hvern, eitt andartak í einu,  
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

Oskar Ahnfelt / Sigurbjörn Einarsson

## RITNINGARLESTUR



Þér lof vil ég ljóða,  
þú, lausnarinn þjóða,  
er gafst allt hið góða  
af gæsku og náð.  
Þá miskunn og mildi  
ég miklaði' ei sem skyldi,  
þótt vegsama' æ ég vildi  
þá visku og dáð.

Er líkn þína lít ég,  
þá lofa þig hlýt ég,  
því náðar æ nýt ég,  
sem ný er hvern dag.  
Nú heyri ég hljóma  
þá helgu leyndardóma,  
sem englaraddir óma  
við eilífðarlag:

Sjá, lof allra lýða  
og landa og tíða  
þér ber, lamb Guðs blíða,  
frá blóðdrifnum stig.  
Frá djöfli og dauða,  
frá dómi syndanauga,  
þú leystir lýði snauða,  
því lofum vér þig.

Bjarni Eyjólfsson

## GUÐSPJALL

Heyr, himna smiður

Kolbeinn Tumason / Þorkell Sigurbjörnsson

## MINNINGARORÐ

Faðir vor

Auður Guðjohnsen

## BÆN

Ó, vef mig vængjum þínum  
til verndar, Jesú, hér  
og ljúfa hvíld mér ljáðu  
þótt lánið breyti sér.  
Vert þú mér allt í öllu,  
mín æðsta speki' og ráð,  
og lát um lífs míns daga  
mig lifa' af hreinni náð.

Tak burtu brot og syndir með  
blóði, Jesú minn,  
og hreint mér gefðu hjarta  
og helgan vilja þinn.  
Mig geym í gæslu þinni.  
Mín gæti náð þín blíð  
að frið og hvíld mér færi  
hin fagra næturtíð.

Magnús Runólfsson / Erlent lag

## FAÐIR VOR

Nú legg ég augun aftur,  
ó, Guð, þinn náðarkraftur  
mín veri vörn í nótt.  
Æ, virst mig að þér taka,  
mér yfir láttu vaka  
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Sveinbjörn Egilsson / P. C. Krossing

Ég fel í forsjá þína,  
Guð faðir, sálu mína,  
því nú er komin nótt.  
Um ljósið lát mig dreyma  
og ljúfa engla geyma  
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson / P. C. Krossing

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjóvgun hreina  
fyrst um dags morgunstud,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði -  
líf mannlegt endar skjótt.

## MOLDUN

Ég lifi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristi krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson / Thomisson

## BLESSUN

## EFTIRSPIL

Arioso úr cantötu BWV 156

J. S. Bach